



## 3. Samvinna, samskipti og starfsþróun

Kennari er fær um að taka þátt í:

- 1 — Faglegri samvinnu sem stuðlar að starfsþróun innan skólasamfélagsins með það að markmiði að styðja við nám, þroska, velferð og vellíðan nemenda.

Kennari býr yfir hæfni til að:

- a Taka þátt í samstarfi sem lýtur að skipulagi náms og kennslu og aðbúnaði nemenda.
- b Leggja sitt af mörkum til að efla faglega þróun inngildandi skólastarfs.
- c Eiga í víðtæku samstarfi um nám og kennslu til að skapa hvetjandi námsumhverfi og jákvæðan skólabrag.

Kennari er fær um að taka þátt í:

- 2 — Farsælum samskiptum við nemendur, foreldra og aðra innan skólasamfélagsins.

Kennari býr yfir hæfni til að:

- a Mynda jákvæð tengsl við nemendur og vera fyrirmynd þeirra á sviði samskipta og samvinnu.
- b Eiga í uppbyggilegum samskiptum og skapa grundvöll samvinnu.
- c Vinna að upplýsingagjöf, samstarfi og samráði milli starfsfólks skóla og foreldra um nám og velferð nemenda.

Kennari er fær um að taka þátt í:

- 3 — Starfsþróun sem stuðlar að því að auka eigin hæfni og vera faglegur leiðtogi alla starfsævina.

Kennari býr yfir hæfni til að:

- a Skapa umbótamiðað lærdómssamfélag.
- b Takast á við krefjandi aðstæður sem fylgja starfi með fjölbreyttum hópi nemenda.
- c Leysa vandamál og ágreining með lausnamiðuðum hætti.
- d Styðja við eigin velferð og annarra.
- e Taka ábyrgð á eigin starfsþróun.